

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 25. júlí, kl. 09:00 var haldinn 1784. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Anna Jóhannesdóttir, Guðjón Ingi Eggertsson, Björg Ósk Gunnarsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Vááá Stúdíó ehf., kt. 570423-0370, dags. 20. febrúar 2024, um starfsleyfi fyrir gististað; íbúðir (Við Hlemm) að Þverholti 5, F2010495, rými 010202. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisiskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.
- Lögð fram umsókn Drífu ehf, kt. 480173-0159, dags. 16. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli (Vík verslun) að Aðalstræti 2, F2001719, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Heildsölunnar Bamberg ehf., kt. 680624-1000, dags. 15. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum (Heildsalan Bamberg). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Drífu ehf, kt. 480173-0159, dags. 16. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli (Icemart) að Skólavörðustíg 38, F2006092, rými 02 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Manna ehf., kt. 600514-0910, dags. 19. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum (Manna ehf.). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn OK Market ehf, kt. 571022-2060, dags. 25. júní 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli, ávexti og grænmeti (OK Market) að Hlíðarfæti 11, F2505620, rými 05 0105. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 26. mars 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 6. mars 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Vááá Stúdíó ehf., kt. 570423-0370, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II tegund; íbúðir (Við Hlemm) að Þverholti 5, F2010495, rými 01 0202.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*. Gestafjöldi: 5.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. maí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 17. október 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Húsasmiðjunnar ehf., kt. 551211-0290, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II,

tegund; samkomusalur (mötuneyti Húsasmiðjunnar) að Kjalarvogi 12, F2359222, rými 01 0102.

Samþykkt að veita neikvæða umsögn. Staðurinn er ekki með starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.

9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. maí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 17. maí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Dillon ehf., kt. 680218-0560, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa og greiðasala, ásamt útiveitingum til kl. 22:00 alla daga (Dillon kjallarinn) að Laugavegi 30, F2004822.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn um veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa og greiðasala. Gefin er neikvæð umsögn um útiveitingar þar sem fyrir liggur neikvæð umsögn byggingafulltrúa dags. 17. júlí 2024. Starfsleyfi í gildi til 22. maí 2023

10. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. maí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 17. maí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Dillon ehf., kt. 680218-0560, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; skemmtistaður, ásamt útiveitingum til kl. 22:00 alla daga (Dillon Whiskey Bar) að Laugavegi 30, F2004822.

Samþykkt að veita neikvæða umsögn um veitingastað í flokki II, tegund; skemmtistaður. Staðurinn uppfyllir ekki hljóðvistarkröfur sem gerðar eru til skemmtistaða, núgildandi rekstrarleyfi og starfsleyfi er fyrir tegund; krá. Gefin er neikvæð umsögn um útiveitingar vegna grenndaráhrifa og fyrirliggjandi neikvæðrar umsagnar byggingafulltrúa dags. 17. júlí 2024. Starfsleyfi fyrir krá í gildi til 22. maí 2030.

11. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 03. apríl 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 3. apríl 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Leikdags ehf., kt. 710717-0440, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Keiluhöllin og Shake & Pizza) að Fossaleyni 1, F2307183 rými 010101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða* og *reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*. Starfsleyfi í gildi til 6. febrúar 2036.

12. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. júní 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 19. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sólbjarts og Sumarliða ehf., kt. 570118-1290, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa og greiðasala, ásamt útiveitingum alla daga til kl. 22:00 (Reykjavík Fish) að Frakkastíg 12, F2004877.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Fyrir liggur samningur um afnot af borgarlandi og teikningar af útisvæði. Vegna grenndaráhrifa er notkun hátalara á

útsvæði bönnuð. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða* og *reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*. Starfsleyfi í gildi til 6. apríl 2030.

13. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. júní 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 6. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Refsins ehf., kt. 551105-1050, um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu í flokki II, tegund; veitingastofa, ásamt útveitingum til kl. 21:00 alla daga (Fish & Chips vagninn) að Grandagarði 19, F2000152, rými 03 0101.  
Samþykkt að gefa neikvæða umsögn sbr. ákv. 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 1. gr. reglugerðar 506/2010. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 18. júlí 2024. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
14. Lögð fram umsókn Tig-suðu ehf., kt. 600117-1570, dags. 15. júlí 2024, um skráningu á málmsmíði og viðgerðum að Hamarshöfða 4, F2043092. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og starfsskilyrði fyrir vinnslu málma, önnur en í viðauka 1 með lögum nr. 7/1998*.
15. Lögð fram umsókn Aðalverkstæðisins ehf., kt. 470910-0700, dags. 17. júlí 2024, um skráningu á bifreiða- og vélaverkstæði að Malarhöfða 2a, F2238915, rými 03 0102. Breyting úr starfsleyfi í skráningu.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði*.
16. Lögð fram umsókn Berserkja ehf. kt. 590902-2920, dags. 18. júlí 2024, um skráningu á niðurrifi á frárennslisörum úr asbesti í húsnæði við Sundlaugaveg 24, F2018892. Ný skráning.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
17. Lögð fram umsókn Klettur bygg. ehf. kt. 621123-0170, dags. 19. júlí 2024, um niðurrif á skúrum við Vesturgötu 30, F2324936, mhl 01, 02 og 03, sbr. samþykkt byggingarleyfisumsókn nr. USK24060133. Ný skráning.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

18. Lögð fram umsókn Elfu Bjarkar Laxdal Hjálmarsdóttur, dags. 26. júní 2024, um starfsleyfi fyrir daggæslu 6-10 barna að Beykhlíð 21, F2032883, íbúð 01 0101. Flutningur í nýtt húsnæði.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *starfsleyfisskilyrðum fyrir dagvistun 6-10 barna í heimahúsi*.

19. Lögð fram umsókn H12 bars ehf., kt. 440919-0570, dags. 9. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir útihátíð (Innipúkinn) í Ingólfsstræti frá 2. til 4. ágúst 2024. Tímabundið leyfi.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 2. til 4. ágúst 2024 með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir útihátíðir, Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir útisvæði Innipúkans 2024 í Ingólfsstræti, 2. til 4. ágúst 2024 og Almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir rekstri sölubása í Reykjavík.. Starfsemi skal lokið eigi síðar en kl. 23 alla daga*.

20. Lögð fram umsókn Korca ehf, kt. 441220-1110, dags. 18. júlí .2024, um leyfi til tóbakssölu (Kaffi holt) að Kirkjustétt 4, Nýtt leyfi.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4. ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

**Fundi slitið kl. 10:09**

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Anna Jóhannesdóttir

Guðjón Ingi Eggertsson